

## Atli Harðarson

### Sem allra mest af þokkafullum ilmi: Ljóðið Íþaka eftir

#### Konstantinos P. Kavafis lesið sem hugleiðing um menntamál<sup>1</sup>

Konstantinos P. Kavafis (Κωνσταντίνος Π. Καβάφης) fæddist árið 1863 og lést 1933. Hann bjó lengst af í Alexandríu í Egyptalandi, en þar í borg var allstór grískumælandi minnihluti á 19. öld og borgin var menningarsamfélag margra þjóða. Kavafis er jafnan talinn einn helsti brautryðjandi nútímalegrar ljóðlistar meðal Grikkja. Safn ljóða hans, sem gefið var út árið 1935, hefur haft talsverð áhrif á skáldskap seinni tíma.

Þau 154 ljóð sem Kavafis sendi frá sér um ævina mynda heild. Þau gefa hvert öðru merkingu. Hugsanir sem eru orðaðar stuttlega í einu ljóði eru skýrðar nánar í öðrum. Stór hluti þessara hugsana varða kosti fólks á að menntast: Hvort við getum öðlast visku eða hvort við hljótum alltaf að verða ginningarfífl og ráðvilltir leiksoppar afla sem við skiljum ekki.

Spurningin um menntun sem Kavafis leggur fyrir lesendur sína er ef til vill lík spurningu sem Bertrand Russell spurði í inngangi að bók sinni um sögu vestrænnar heimspeki: „Er til raunveruleg viska eða er það sem virðist viska ekkert nema heimska sem er orðin eins faguð og vera má?“ (Russell, 1945/1979, bls. 13). Svörin sem Kavafis reifar eru umhugsunarefni meðal annars vegna þess að hann lætur enga óskhyggju ná tökum á sér. Myndir mannlífsins sem hann dregur upp gefa bæði tilefni til að efast og vona. Svör Kavafis eru líka umhugsunarefni vegna þess hve sýn hans á mannlífið er heilsteypt. Eftir því sem ég hef kynnst ljóðum hans betur hef ég orðið sannfærðari um að þar fljóta engin orð með formsins og hljómsins vegna. Allt sem hann segir er vandlega hugsað og hluti af einni heildarsýn.

Í grein sem birtist í *Són, tímariti um óðfræði* árið 2018 (Atli Harðarson, 2018) ræddi ég nokkrar hliðar á menntaheimspeki Kavafis og rökstuddi að myndir hans af vitru fólki væru myndir af mannverum sem áttuðu sig á hvar þær væru staddar á vegferð sinni um tímann, hvað væri fram undan, og gengju vitandi vits á móts við það sem biði. Slíkir einstaklingar láta veröldina ekki hafa sig að fífl. Viska þeirra er ekki síst fólgin í því að hafa andvara á sér. Andstæður slíkrar visku eru sjálfumgleðin og andavarleysið.

Hér ætla ég að fjalla um aðrar hliðar á viskunni sem Kavafis ræðir og birtast í ljóðinu Íþaka (Ιθάκη) frá árinu 1911. Það ljóð fjallar um menntun með vísun í Ódyseifskviðu – en eftir Trójustríðið var kappinn Ódyseifur tíu ár á leið heim til sín, til eyjarinnar Íþöku. Viskan sem lýst er í þessu ljóði er einkum í því fólgin að hafa rænu á að leita þess besta og geyma það með sér.

---

<sup>1</sup> Erindi flutt á Hugvísindapingi við Háskóla Íslands 19. september 2020.

## Íþaka<sup>2</sup>

Þegar þú heldur af stað til Íþöku skaltu  
óska þess að ferðin verði löng,  
lærdómsrík og full af ævintýrum.  
Óttastu ekki kýklópa og ekki lestrýgóna  
og ekki heldur reiðan sjávarguð.  
Ef hugur þinn dvelur við háleit efni,  
ef hold þitt og andi eru snortin því besta,  
þá verða slíkir ekki á vegi þínum.  
Þú hittir ekki kýklópa og ekki lestrýgóna  
og ekki heldur trylltan sjávarguð  
nema þú berir þá sjálfur í eigin sál,  
nema sál þín reisi þá upp á móti þér.

Óska þess að ferðin verði löng,  
að marga sumarmorgna komir þú  
með unaði og gleði í ókunnar hafnir;  
að í kaupstöðum Föníkíumanna,  
staldrir þú við og eignist ágæta gripi,  
perlumóðurskeljar, kóralla, svartvið og raf  
og þokkafullan ilm af öllum gerðum,  
sem allra mest af þokkafullum ilmi;  
að í borgum Egypta komir þú víða  
og nemir, já nemir af þeim lærðu.

Hafðu Íþöku ávalt í huga.  
Að komast þangað er þitt lokatakmark.  
Gættu þess samt að herða ekki á ferðinni.  
Betra er að hún endist árum saman;  
þú takir land á eygni gamall maður,  
auðugur af því sem þér hefur áskotnast á leiðinni  
og væntir þess ekki að Íþaka færi þér neitt ríkidæmi.

Íþaka gaf þér stórkostlegt ferðalag.  
Án hennar hefðir þú aldrei lagt af stað.  
En hún hefur ekkert meira að gefa þér.

Þótt kostarýr virðist hafði Íþaka þig ekki að fífli.  
Enda ert þú orðinn svo vitur, með slíka reynslu,  
að þér hefur skilist hvað Íþökur þýða.

Hugsunin sem mest ber á í ljóðinu snýst um tengsl markmiðs og leiðar, ferðar og áfangastaðar. Það hefst á orðunum:

Þegar þú heldur af stað til Íþöku skaltu  
óska þess að ferðin verði löng,

---

<sup>2</sup> Öll ljóð í þessari grein eru þýdd úr grísku af höfundi upp úr heildarútgáfu á ljóðum Kavafis (2008).

Þetta er áréttað undir lok kvæðisins þar sem skáldið segir um ferðina:

Betra er að hún endist árum saman;  
þú takir land á eyggi gamall maður,

Þessi orð má skilja sem áminningu um að sé okkur umhugað um að menntast þá ætjum við ekki að ljúka því í neinum flýti, heldur læra ævilangt. Ríkjandi hugsun um menntun nú um stundir gerir hins vegar ráð fyrir að lærdómur sé leið að markmiði, hann sé til þess að öðlast einhverja hæfni og því fyrr sem það klárast því betra (Atli Harðarson, 2017). En þegar við ferðumst er samband áfangastaðar og leiðarinnar ekki svo einfalt að leiðin sé farin til þess eins að komast á staðinn. Oft er sönnu nær, eins og Bernard Williams (1973, bls. 82) sagði eitt sinn, að ferðalangar velji áfangastað til þess að komast í ferðalag. Ef við ætjum í fjallgöngu þurfum við að velja fjall til að ganga á. Gangan er samt ekki einbert tæki til að klífa ákveðinn tind. Fjallið var valið til þess að ganga. Ljóðið minnir okkur á að menntun má líkja við ferðalag og góð ferð snýst ekki síður um það sem gerist á leiðinni en um áfangastaðinn.

Önnur hugsun sem kemur fyrir í fyrri hluta ljóðsins er að meðal þess sem hindrar menn í að menntast séu grýlur í þeirra eigin hug. Skáldið tjáir þetta með því að nefna tvær gerðir af tröllslegum mannætum sem ógnuðu Ódysseifi og líka sjávarguðinn Póseidon sem var af einhverjum ástæðum mjög uppsigað við hann:

Þú hittir ekki kýklópa og ekki lestrýgóna  
og ekki heldur trylltan sjávarguð  
nema þú berir þá sjálfur í eigin sál,  
nema sál þín reisi þá upp á móti þér.

Þriðja atriðið sem ég ætla að tæpa á í fljótheitum er að Kavafis minnir okkur á að taka því óþekkta fagnandi og koma „með unaði og gleði í ókunnar hafnir.“

Fjórða atriðið sem vert er að nefna er að kvæðið mælir með því að menn afli sér reynslu og læri af öðru fólki en ráðleggur líka að gæta þess að láta hugann dvelja við háleit efni, að holdið og andinn séu snortin því besta. Skáldið ráðleggur ferðalangnum líka að nema af þeim lærðu fremur en af hverjum sem er. Þetta er í anda þess sem Kavafis segir í fleiri kvæðum um mikilvægi þess að hafa andvara á sér og láta það auvirðilega ekki stjórna lífi sínu. Við getum tekið sem dæmi ljóðið „Eins og þú getur“ (Όσο μπορείς) frá 1913:

### **Eins og þú getur**

Þótt þér takist ekki að móta líf þitt að vild,  
þetta skaltu að minnsta kosti reyna  
eins og þú getur: að lítillækka það ekki  
með of mikilli snertingu við heiminn  
með of miklum asa og mælgj.

Lítillækkaðu það ekki með því að fara um með það  
og bera það aftur og aftur á torg  
innan um hversdagslegt hugsunarleysið  
á samkomum og mannamótum,  
þangað til það verður eins og framandi byrði.

Ég hef nú tæpt á fjórum atriðum í þeirri menntaheimspeki sem Kavafis ber á borð í ljóðinu um ferðalagið til Íþöku. Fimmata atriðið virðist ef til vill torskildara en þessi fjögur en mig grunar að það sé samt lykill að því að skilja hin rétt. Þetta fimmata atriði er tvítekið í miðju ljóðsins þar sem ferðlangnum er ráðlagt að eignast:

... þokkafullan ilm af öllum gerðum,  
sem allra mest af þokkafullum ilmi;

Ég skil þetta svo að viðmælanda sé ráðlagt að eignast reynslu af ilmi fremur en að koma heim með mörg ilmvatnsglós. Hvernig sem á að skilja það hljótum við að spyrja hvað ilmur hefur með menntun að gera. Af hverju er „ηδονικά μурωδικά“ sem ég þýði með „þokkafullum ilmi“ tvítekið? Orðasambandið getur þýtt nautnalegir, ástríðufullir eða lostafullir ilmir og „ηδονή“ merkir ánægju, nautn eða frygð. Þessar línur kallast á við erótísk ljóð Kavafis. Í mörgum þeirra fjallar hann um samkynhneigð sína með opinskárra hætti en algengt var að skáld gerðu fyrir hundrað árum.

Vegna bersöglinnar hefur hugsun Kavafis um menntun og þroska ekki verið sýnd sú virðing sem henni ber. Menn hafa jafnvel séð hann sem fulltrúa einhvers konar siðspillingar fremur en siðmenningar. Það á sinn þátt í þessu að ljóðlist Kavafis var undir sýnilegum áhrifum frá Charles Pierre Baudelaire og fleiri skáldum, einkum enskum, sem kennd hafa verið við hnignun eða „decadence“.<sup>3</sup> Kavafis svaraði aðdróttunum af þessu tagi með því að tengja kynhneigð sína grískum menningararfi. Hann tók á sinn hátt upp gamlan þráð frá Platoni þar sem holdleg girnd var leið til þroska og hann gaf jafnvel til kynna að tilveran hefði leitt sig þessa leið þótt hann hefði fyrst í stað streist á móti. Þetta birtist til dæmis í ljóðinu „Skilningur“ (Νόησις) frá árinu 1918:

### Skilningur

Árin sem ég var ungur maður, þegar ég naut lífsins –  
svo ljóslega skil ég nú hvað þau þýða.

Hve óþarft og einskis vert að iðrast ...

En ég sá ekki þá hvað þau þýddu.

Innan í léttúð æskuáranna  
mótaðist vilji ljóða minna  
og haslaði list minni völl.

Þess vegna var iðrun mín aldrei staðföst.  
Og ákvarðanirnar um að halda aftur af mér,  
þær entust tvær vikur í mesta lagi.

Hér er fleira á ferðinni en uppreisn samkynhneigðs manns gegn mannskemmandi blöndu af sleggjudómum og tepruskap. Til að skilja hvers vegna menn menntast með því að safna þokkafullum ilmi þurfum við að átta okkur á því að í kvæðum Kavafis er sálin hold og við menntum hugann með því að mennta líkamann. Reynslan verður hluti af líkama okkar. Hann áréttar

---

<sup>3</sup> Um þessi áhrif er fjallað ítarlega í bók eftir Peter Jeffreys (2015).

Þetta með því að yrkja um ilm. Lyktarskynið er sálargáfa sem er nátengd andardrættinum. Það er varla hægt að hugsa sér það án lifandi líkama.

Hugsunin um líkama sem man og geymir snertingu eða ilm er víða í ljóðum Kavafis. Hún kemur til dæmis fyrir í „Mundu líkami ...“ (Θυμήσου, σώμα ...) frá 1918 sem Þorsteinn Vilhjálmsson hefur þýtt. Þar segir skáldið líkama sínum að muna, ekki aðeins rúmin sem hann lagðist á, heldur líka þrána sem blikaði í augum og titraði í rödd (Þorsteinn Vilhjálmsson, 2016, bls. 50). Það má líka nefna ljóðin „Komdu aftur“ (Επέστρεφε) frá 1912 og „Þegar þær kvikna“ (Όταν διεγείρονται) frá 1916 sem Þorsteinn Þorsteinsson þýddi og birtust í bókinni *Grikkland alla tíð* (Kristján Árnason, 2013, bls. 252–253). Enn eitt dæmi er ljóðið „Frá klukkan níu“ (Απ' τες εννιά) sem Kavafis orti 1918.

### Frá klukkan níu

Tólf og hálf. Tíminn hefur liðið hratt  
frá klukkan níu þegar ég kveikti á lampanum  
og settist. Hér hef ég setið án þess að lesa  
og án þess að segja neitt. Við hverja  
ætti ég að tala, ég er aleinn í þessu húsi.

Frá klukkan níu þegar ég kveikti á lampanum  
hefur myndin af líkama æsku minnar  
komið að finna mig og vakið minningar  
um lokuð herbergi sem ilmuðu  
og unað fyrri tíma – unað svo djarfan!  
Og hún setti mér líka aftur fyrir sjónir  
stræti sem nú eru óþekktanleg og staði  
fulla með iðandi næturlíf sem nú hafa lokað,  
leikhús og kaffistofur sem eitt sinn voru.

Myndin af líkama æsku minnar  
kom og hún færði mér einnig harma,  
sorg sem fjölskyldan varð fyrir, aðskilnað,  
hvernig mínir nánustu fundu til  
og þeir dónu sem svo lítils eru metnir.

Tólf og hálf. Hvað tíminn líður.

Tólf og hálf. Hvað árin líða.

Hér er það líkami æskunnar sem geymir snertinguna við heiminn og það skiptir máli hverju líkaminn var snortinn og hvernig hann varðveitti snertinguna.

Er þetta ekki satt? Skiptir þetta ekki máli?

Er menntun manns ekki að minnsta kosti að nokkru leyti fólgin í því að vera snortinn því besta og að líkaminn geymi það með sér? Skiptir ekki til að mynda máli að eiga í nösnum sínum ilm af lyngheiðum og húð í sólskini, eiga í höndum sér minningu um mold og steina, kannski jafnvel ást og hlýju ef maður hefur einhvern tíma boðið köldum fingrum báða lófa sína?

Við getum kannski næstum skilið þetta. En til að skilja það vel þurfum við ef til vill að læra að hugsa öðru vísi um menntun en oftast er gert nú um stundir: Hugsa um hnoss sem skynjunin

eignast – fjársjóði sem hjartað geymir – hvernig kjörin setja á manninn mark – ekki aðeins um að vita, kunna og geta eða þekkingu, leikni og hæfni. Ég segi þetta því mig grunar að Kavafis geti hjálpað okkur að læra að hugsa betur um menntun en við gerum hjálparlaust.

## Rit

Atli Harðarson. (2017). Aims of Education: How to Resist the Temptation of Technocratic Models. *Journal of Philosophy of Education*, 51(1), 59–72.

Atli Harðarson. (2018). Beðið eftir barbörunum og áttunurvandi þeirra sjálfumglöðu. *Són: Tímarit um óðfræði*, 16, 61–78.

Jeffreys, P. (2015). *Reframing Decadence: C. P. Cavafy's Imaginary Portraits*. Ithaca, NY: Cornell University Press.

Kavafis, Konstantinos P. [Καβάφης, Κωνσταντίνος Π.]. (2008). *Ποιήματα*. Αθήνα: Συλλογή.

Kristján Árnason (ritstjóri). (2013). *Grikkland alla tíð*. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.

Russell, B. (1979). *History of Western Philosophy*. London: Unwin (frumútgáfa 1945).

Williams, B. (1973). A critique of utilitarianism. Í J. J. C. Smart og B. Williams, *Utilitarianism: For and Against*. Cambridge: Cambridge University Press.

Þorsteinn Vilhjálmsson. (2016). *Mundu, líkami: Óritskoðuð grísk og rómversk ljóð*. Reykjavík: Partus.